

Ályktanir aðalfundar Skógræktarfélags Íslands árið 2016

Ályktun 1:

Græni stígurinn í græna trefli höfuðborgarsvæðisins


Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Djúpavogi 2.-4. september 2016, beinir þeim tilmælum til stjórnar Skógræktarfélags Íslands að stjórnin hvetji sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu til að ljúka skipulagsvinnu og undirbúningi að gerð Græna stígsins í græna trefli skógræktarsvæðanna ofan byggðar höfuðborgarsvæðisins og setja verkefnið í forgang. Stígurinn þarf að vera inni á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags og samþykkjast af svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins.

Ályktun 2:

Efling skógræktar

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Djúpavogi 2.-4. september 2016, hvetur stjórnvöld til að stórauka framlög til skógræktar. Vísað er til þingsályktunar sem samþykkt var samhljóða á Alþingi árið 2014 sem fjallaði m.a. um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar. Gróðursetning skógarplantna hefur dregist saman ár frá ári allt frá árinu 2007, þegar 6 milljónir skógarplantna voru gróðursettar í 3 milljónir skógarplantna á ári. Meðfylgjandi mynd Einars Gunnarssonar úr Skógræktarritinu 1. tbl. 2016 sýnir stöðuna. Þessi þróun er mikið áhyggjuefni og hefur ekki bara haft áhrif á gróðursetningu heldur einnig á skógarplöntuframleiðslu sem atvinnuveg, sem er að verða mjög veikburða. Hætt er við að forsendur fyrir eðlilegu samkeppnisumhverfi á því sviði séu að breyta. Markmiðið er að á næstu 5 árum verði stefnt að því að gróðursetja 8 milljónir skógarplantna á ári hverju.

Árlegur heildarfjöldi gróðursettra skógarplantna á Íslandi 1985-2014



Ályktun 3:

Þjóðlendum til skógræktar

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Djúpvavogi 2.-4. september 2016, hvetur stjórn Skógræktarfélags Íslands til að fylgja fast eftir ályktun 1 frá aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 2015.

Greinargerð:

Ályktun 1 frá aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 2015:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akureyri 14.-16. ágúst 2015, beinir þeim tilmælum til forsætisráðuneytis að gerður verði samstarfssamningur um skógrækt og landgræðslu innan svæða þjóðlenda á landinu þannig að þjóðlendum geti nýst skógræktarfélagunum til landgræðslu og skógræktar.

Fundurinn telur að innan marka þjóðlenda sem vistaðar eru í forsætisráðuneyti séu landspildur sem ákjósanlegar eru til skógræktar.

Ályktun 4:

Notkun íslensk efniviðar

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Djúpvavogi 2.-4. september 2016, hvetur stjórnvöld, stofnanir og ferðaþjónustuaðila til að nýta íslenskan efnivið, og þá sérstaklega timbur, við uppbyggingu á aðstöðu fyrir ferðamenn.